

AUGLÝSING

um deiliskipulag Hamrafells, Hjallabrekku, Hulduhóla og Láguhlíðar í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag Hamrafells, Hjallabrekku, Hulduhóla og Láguhlíðar í Mosfellsbæ á fundi sínum þann 10. nóvember 2004.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að á svæðið komi til viðbótar 31 íbúð í einbýlishúsum og fimm íbúðum við endurbyggingu á núverandi húsi á landi Láguhlíðar.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 14. apríl 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um skrá Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Á sjúkrahúsinu Vogu er starfrækt áfengis- og vímuefna meðferð. Þar er rúm fyrir 73 sjúklinga. Á meðferðarheimilunum Vík á Kjalarnesi og Staðarfelli í Dölum eru rúm fyrir 30 sjúklinga á hvorum stað. Sjúklingar á þessum stöðum verða ekki útskrifaðir tafarlaust. Ennfremur er nauðsynlegt að taka til meðferðar sjúka áfengis- og vímuefnaneytendur.

Í 2. gr. laga nr. 94/1986 er tekið sérstaklega fram að lög þessi nái einnig til starfsmanna sjálfseignarstofnana sem starfa í almannabágu skv. lögum og eru á fjárlögum.

Í 2. gr. laga nr. 94/1986 eru tilgreindir þeir sem ekki er heimilt að gera verkfall og í 3. – 4. og 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna segir að heimild til að gera verkfall nái eigi til þeirra er starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.

Í 2. mgr. 19. gr. er gert ráð fyrir að skrá yfir þá sem falla undir 3. – 4. og 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 sé birtur opinberlega.

Fer hér á eftir skrá yfir alla þá starfsmenn sem skv. öllu ofanrituðu er óheimilt að fara í verkfall:

Sjúkrahúsið Vogur:

Læknar: Alls 2,50 stöðugildi, læknar þessir gegna einnig störfum við meðferðarheimilin Vík og Staðarfell.

Hjúkrunarforstjóri: Alls 1,00 stöðugildi.

Hjúkrunarfræðingar: Alls 4,20 stöðugildi sem raðast þannig: 1 staða morgunvakt, 1 staða kvöldvakt og 1 staða næturvakt.

Dagskrárstjóri: Alls 1,00 stöðugildi.

Ráðgjafar: Alls 7 stöðugildi, þar af 1,00 staða á vakt frá kl. 20.00 – 04.00 daglega.

Næturverðir: Alls 2,00 stöðugildi.

Eldhús: Alls 1,00 stöðugildi yfirmatreiðslumanns.

Meðferðarheimilið Vík, Kjalarnesi:

Dagskrárstjóri: Alls 1,00 stöðugildi.

Ráðgjafar: Alls 2,00 stöðugildi á vöktum alla daga vikunnar.

Meðferðarheimilið Staðarfell í Dölum:

Dagskrárstjóri: Alls 1,00 stöðugildi.

Ráðgjafar: Alls 3,00 stöðugildi á vöktum alla daga vikunnar.

Skrifstofa Síðumúla 3:

Framkvæmdastjóri: Alls 1,00 stöðugildi.

Launafulltrúi: Alls 1,00 stöðugildi

Eldri auglýsing nr. 95, janúar 2005 fellur úr gildi.

F.h. Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, 15. apríl 2005.

Ágúst Jónatansson.

REGLUGERÐ

um vatnsveitur sveitarfélaga.

I. KAFLI

Gildissvið og markmið.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um vatnsveitur í eigu sveitarfélaga. Einnig gilda ákvæði hennar eftir því sem við á um aðrar vatnsveitur sem starfa samkvæmt ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004.

2. gr.

Markmið.

Markmið með reglugerðinni eru að tryggja öryggi og auka sveigjanleika í rekstri vatnsveitna, stuðla að tæknilegum framförum og setja reglur um réttindi, skyldur og ábyrgð notenda annars vegar og þjónustu vatnsveitu við íbúa og atvinnulíf hins vegar.